

MJÖLNIR – Lög og stofnskrá

1. gr.

Félagið heitir Mjölur.

2. gr.

Heimili félagsins og varnarþing er á Seljavegi 2 í Reykjavík

3. gr.

Tilgangur félagsins er að þjálfa og stunda blandaðar bardagaíþróttir á lifandi máta. Ákvörðun um áherslur í þjálfun er í höndum stjórnar á hverju ári.

4. gr.

Tilgangi sínum hyggst félagið ná með að halda úti æfingum skv. ákvörðun stjórnar hverju sinni.

5. gr.

Allir hafa rétt á að sækja um inngöngu í félagið og gerast almennir félagar. Stjórn getur þó meinað einstaklingi inngöngu í félagið telji hún ástæðu til enda sé stjórnarmeirihluti fyrir því.

6. gr.

Stjórn félagsins skal skipuð 5 einstaklingum, þ.e. formanni, varaformanni, ritara og tveimur meðstjórnendum. Einnig eru kosnir tveir varamenn. Stjórn skal kosin á hverjum aðalfundi og skiptir með sér verkum á fyrsta fundi eftir aðalfund. Formaður er kjörinn í sér kosningu á aðalfundi. Formaður boðar stjórnarmenn á stjórnarfundi þegar þurfa þykir. Stjórnarfund skal boða með sannanlegum hætti með minnst 14 daga fyrirvara

Daglega umsjón félagsins annast formaður/forstjóri og framkvæmdastjóri og þeir sjá um ráðningu annarra starfsmanna félagsins.

Firmaritun félagsins er í höndum allrar stjórnar sameiginlega..

7. gr.

Starfstímabil félagsins er frá apríl til apríl en reikningsárið er almanaksárið. Á aðalfundi félagsins skal stjórn gera upp árangur liðins árs. Aðeins félagsmenn mega vera þátttakendur í aðalfundi. Aðeins félagar sem hafa verið meðlimir samfleytt að lágmarki 12 mánuði fyrir aðalfund og hafa náð 20 ára aldri hafa atkvæðarétt á aðalfundi.

Kjörgengnir til stjórnarembætta eru almennir félagsmenn sem hafa verið meðlimir samfleytt að lágmarki 24 mánuði fyrir aðalfund og hafa náð 20 ára aldri.

Kjörgengnir til embættis formanns stjórnar eru þó aðeins félagsmenn sem hafa verið meðlimir samfleytt að lágmarki 36 mánuði fyrir aðalfund og hafa náð 25 ára aldri.

8. gr.

Félagið mun fjármagna reksturinn með æfingagjöldum og öðrum leiðum sem stjórn telur samrýmast tilgangi félagsins. Stjórn ákveður gjaldskrá hverju sinni.

9. gr.

Rekstrarafgangi/hagnaði af starfsemi félagsins skal varið í samræmi við tilgang félagsins.

10. gr.

Ákvörðun um slit félags verður aðeins tekin á aðalfundi með að lágmarki tvo þriðju hluta atkvæða og renna eignir þess til BJJ Sambands Íslands eða Rauða krossins á Íslandi eftir því hvað fundurinn ákveður.

11. gr.

Aðalfund skal halda ár hvert fyrir lok apríl og félagsfundir svo oft sem stjórn ákveður eða skrifleg ósk kemur frá meirihluta félaga.

Til aðalfundar skal boða með minnst 14 daga fyrirvara og er hann lögmætur sé löglega til hans boðað.

Tillögur um lagabreytingar skulu hafa borist stjórn ekki síðar en viku fyrir aðalfund.

Framboð til stjórnarsetu skulu hafa borist stjórn ekki síðar en viku fyrir aðalfund.

Einfaldur meirihluti ræður úrslitum allra mála nema lagabreytinga. Tvo þriðju hluta atkvæða þarf til að breyta lögum.

Á aðalfundi skal kjósa fundarstjóra og ritara fundarins.

Á aðalfundi skal taka mál fyrir í þeirri röð sem hér segir:

1. Skýrsla stjórnar.
2. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar.
3. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga. Reikningar bornir undir atkvæði.
4. Lagðar fram tillögur að breytingum laga og reglugerða félagsins ef einhverjar eru.
5. Önnur mál.
6. Kosning stjórnar og endurskoðanda.

Lög þessi voru samþykkt á stofnfundi félagsins og öðlast gildi 1. september 2005.

Lögunum var síðast breytt á aðalfundi í maí 2014.